



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 17. janúar 2023.  
Málsnr. 2003010  
PBG/HH

**Efni: Samgöngusáttmálinn – sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf.**

Á 549. fundi stjórnar SSH, hinn 9. janúar 2023, voru verkefni Samgöngusáttmálans til umræðu og eftirfarandi meðal þess sem bókað var í fundargerð:

***Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010***

*Fyrirliggjandi er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.*

*Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf., kynnir skýrsluna ásamt Þresti Guðmundssyni forstöðumanni verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf. og Þorsteini R. Hermannssyni forstöðumanni þróunar hjá Betri samgöngum ohf., kynna framangreint ásamt fyrirhuguðu útboði vegna framkvæmda við Arnarnesveg.*

***Niðurstaða fundar:***

*Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning af hálfu Betri samgangna ohf. á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.*

Tilkynnist ofangreint hér með.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

Betri samgöngur: Staða og framgangur verkefna, desember 2022.



BETRI  
SAMGÖNGUR

# Staða og framgangur verkefna

Desember 2022

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Fjárfestingar .....	5
2.1 Stofnvegir .....	7
2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls.....	7
2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur .....	7
2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata .....	7
2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar .....	7
2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut .....	7
2.1.6 Sæbrautarstokkur .....	8
2.1.7 Miklubrautarstokkur .....	8
2.1.8 Garðabæjarstokkur .....	8
2.2 Borgarlínan.....	9
2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg.....	9
2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir .....	9
2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ .....	10
2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut .....	10
2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng .....	10
2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt .....	10
2.3 Virkir ferðamátar.....	11
2.3.1 Undirgöng við Litluhlíð .....	11
2.3.2 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand.....	11
2.3.3 Arnarneshæð .....	11
2.3.4 Elliðaárdalur – Stífla að brú við Árbæjarlaug .....	11
2.3.5 Elliðaárdalur – Brún við Árbæjarlaug að Grænugróf .....	11
2.3.6 Fífuhvammsvegur.....	11
2.3.7 Strandgata.....	11
2.3.8 Varmá – Leirvogstunga .....	11
2.3.9 Ánanaust, JL hús - Mýrargata.....	11
2.3.10 Skógarhlíð.....	11
2.3.11 Elliðaárdalur - Dimma .....	12
2.3.12 Stofnstígar með Arnarnesvegi .....	12
2.3.13 Ásbraut.....	12
2.3.14 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal .....	12

2.4 Öryggi og flæði .....	13
3. Fjármögnun .....	14
3.1 Keldnalandið .....	14
3.2 Flýti- og umferðargjöld .....	14
3.3 Lántökur .....	14
4. Fundir stýrihóps og stjórnar .....	16
4.1 Stýrihópur .....	16
4.2 Stjórn .....	16

## 1. Inngangur

Í h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans segir að Betri samgöngur (fyrirtækið) skuli skila hluthöfum sínum á a.m.k. sex mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál. Í grein 2.1 í hluthafasamkomulaginu um fyrirtækið er mælt fyrir um stýrihóp sem skipaður sé forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (nú innviðaráðherra), fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans sé að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn komi einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í grein 4.3 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn skuli, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna fyrirtækisins. Skýrsla þessi er gerð að þessu tilefni.

## 2. Fjárfestingar

Eftir umræður milli SSH, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins var fyrirtækinu falið að leita lausna í mörkun á viðfangsefnum verkefna Samgöngusáttmálans á fundi þessara aðila 15. september. Samhliða undirbúningi og framkvæmd verkefna Samgöngusáttmálans eru hliðarverkefni sem sveitarfélögin bera kostnað af og fyrirtækinu var jafnframt falið að leita samkomulags við Kópavog og Reykjavíkurborg um kostnaðarskiptingu heildarverkefna sem nýta mætti sem grundvöll fyrir almenna kostnaðarskiptingu milli Samgöngusáttmálans og sveitarfélaganna. Þessi vinna skilaði drögum 21. nóvember, sem tók á almennum leikreglum við ákvörðun verkefna og kostnaðarskiptingu. Mörkunin á enn eftir að öðlast formlegt samþykki hluthafa en er nú notuð sem grunnur áframhaldandi vinnu. Þar sem mörkunin ákvarðar kostnaðarskiptingu hefur dráttur á frágangi hennar og samþykkt áhrif á hönnunarferli verkefna þar sem val lausna er að stórum hluta í höndum þess sem greiðir fyrir þær að teknu tilliti til ákvarðana sem teknar eru við gerði deiliskipulaga.

Stöðuyfirlit fjárfestinga er sýnt í meðfylgjandi töflu. Innihald einstakra dálka er:

- D2. Framlög Samgöngusáttmálans til fjárfestinga og fjárfestingaflokka.
- D3. Flýtifé sem veitt var vegna COVID á árinu 2020.
- D4. Grunnframlag Samgöngusáttmálans (D2+D3).
- D5. Verðbættar upphæðir Samgöngusáttmálans miðað við 1. maí 2022 (m.v.vísitölu áætlana Vegagerðarinnar, grunnvísitala er 17.200).
- D6. Dagsetningar nýjustu áætlana fjárfestinga.
- D7. Uppfærð áætlun fjárfestinga – hlutur Samgöngusáttmálans í heild.
- D8. Verðbætt uppfærð áætlun frá birtingardegi.
- D9. Uppfærð heildaráætlun framkvæmda (Samgöngusáttmálinn og sveitarfélög).
- D10. Verðbætt uppfærð heildaráætlun frá birtingardegi.
- D11. Staða fjárfestingar í hönnun eða framkvæmd.
- D12. Bókaður kostnaður fjárfestingar miðað við uppgefna dagsetningu.
- D13. Bókaður kostnaður sem hlutfall af Samgöngusáttmálanum með verðbótum (D5).
- D14. Áætluð verklok yfirstandandi verkáfangna.
- D15. Kostnaður í verklok á verðlagi Samgöngusáttmálans.
- D16. Kostnaður í verklok á verðlagi Samgöngusáttmálans sem hlutfall af heild (D4).
- D17. Tilvísun í kafla þessarar skýrslu.

Stöðuyfirlit fjárfestinga Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins																
D1	D2	D3	D4	D5	D6	D7	D8	D9	D10	D11	D12	D13	D14	D15	D16	D17
Verkhelti	Sáttmáli - undirritaður	Flytifé 2020	Sáttmáli	Verðbættur sáttmáli 1. nóvember 2022	Dagssetning uppfærslu áætlunar	Uppfærð áætlun sáttmála	Verðbætt uppfærð áætlun sáttmála 1. nóvember 2022	Heildar áætlun framkvæmdar, þ.m.t. kostnaður sveitarfélaganna	Verðbætt uppfærð heildar áætlun framkvæmda	Virkur verkefnisáfangi	Bókaður kostnaður 1. nóvember 2022	Bókaður kostnaður vs. verðb. sáttmáli 1. nóvember 2022	Áætluð lok verkefnisáfangi	Kostnaður í verklok á verðlagi 2019	Kostnaður í verklok vs Sáttmáli	Athugasemdir, tilvísun í greinar í stöðuskýrslu
m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	Mars '21	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	Síðasti áfangi í framkvæmd	m.kr.	%		%		
Vesturlandsvegur: Skarhólabraut – Langfangli - Hafravatnsvegur	510	350	860	1.071		1.700	1.941	2.500	2.855	Síðasti áfangi í framkvæmd	889	83%	2023	566	52%	Sjá gr. 2.1.2
Suðurlandsvegur: Bæjarháls – Vesturlandsvegur	440	650	1.090	1.357	Mars '21	1.700	1.941	2.500	2.855	Lokióð	593	44%	4Q/2022	3.007	116%	Sjá gr. 2.1.1
Suðurlandsvegur: Norðlingavæð – Bæjarháls	1.200	2.600	2.600	3.238						Forhönnun	103	7%				Sjá gr. 2.1.3
Reykjanesbraut: Kaldárselsvegur – Kriuvíkuvvegur	2.600	13.100	13.100	16.313						Lokióð	57	0%	Óvíst			Sjá gr. 2.1.4
Reykjanesbraut: Álfanesvegur – Lækjargata	1.100	1.100	1.100	1.370						Frumdrög	23	2%	3Q/2022			Sjá gr. 2.1.8
Reykjanesbraut: Gatnamót við Bústaðaveg	7.600	7.600	7.600	9.464						Ekki hafrið	2	0%				Sjá gr. 2.1.6
Garðabæjarstokkur	2.200	2.200	2.200	2.740	Sept. '21	15.550	17.718	4.900	4.900	Forhönnun og MAU	165	6%	Q1/2023			Sjá gr. 2.1.5
Sæbrautarstokkur	1.600	1.600	1.600	1.992	Mai '22	3.500	3.600	4.900	4.900	Verkhönnun	142	7%	Q3/2022			Sjá gr. 2.1.7
Arnamesvegur – Breiðholtsbraut	21.800	21.800	21.800	27.146						Frumdrög	57	0%	Q4/2022			
Miklubrautarstokkur	100	100	100							Lokióð	100	100%				Engreidda til kópavogs
Undirgöng í Kópavogi	52.250	1.000	53.250	66.184							5.200					
<b>Stofnvegir</b>	<b>17.100</b>		<b>17.100</b>	<b>21.293</b>	Feb. '21	18.650	21.251	24.700	28.144	Forhönnun	1.756	8%	Q4/2023			Sjá gr. 2.2.1
Borgarfína, Lota 1 Ártún - Hlemmur - Hamraborg	3.600		3.600	4.483						Skilgreining	9	0%	2022			Sjá gr. 2.2.2
Borgarfína, Lota 2 Hamraborg - Lindir	8.400		8.400	10.460						Skilgreining	11	0%	2022			Sjá gr. 2.2.3
Borgarfína, Lota 3 Mjódd - BSI	9.400		9.400	11.705						Skilgreining	10	0%	2022			Sjá gr. 2.2.4
Borgarfína, Lota 4 Fjörður - Miklabraut	5.300		5.300	6.600						Ekki hafrið	10	0%	2022			Sjá gr. 2.2.5
Borgarfína, Lota 5 Ártún - Spöng	5.800		5.800	7.222						Skilgreining að Keldnaholti	10	0%	2022			Sjá gr. 2.2.6
Borgarfína, Lota 6 Ártún - Háholt	49.600		49.600	61.764							1.796					
Hjóla- og göngustígar	6.000		6.000	7.471						Á ekki við	1.332	18%	Á ekki við			
Göngubýr og undirgöng	2.250		2.250	2.802						Á ekki við	356	13%	Á ekki við			
<b>Virkir ferðamátar</b>	<b>8.250</b>		<b>8.250</b>	<b>10.273</b>							1.688					
Öryggi og flæði	7.200		7.200	8.966						Á ekki við	1.036	12%	Á ekki við			
Umsýsla samgöngusáttmála hjá Vegagerðinni	7.200		7.200	8.966							1.036					
<b>Samtals útgjöld</b>	<b>117.300</b>	<b>1.000</b>	<b>118.300</b>	<b>147.186</b>							<b>9.761</b>					

Grunnvísitala sáttmála 17.200  
Vísitala ársheimlingskýrslu, 1. nóvember 2022 21.418  
Vísitala uppfærslu Borgarfínu lota 1 - júlí 2019 17.251  
Vísitala uppfærslu Sæbrautarstokks - september 2021 18.797  
Vísitala uppfærslu Suðurlandsvegur: Norðlingavæð – Bæjarháls - mars 2021 18.754

## 2.1 Stofnvegir

### 2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls

*Umfang:* Breikkun í fjórar akreinar og aðskilnaður akstursstefna.

*Staða:* For- og verkhönnun var boðin út vorið 2022. Reiknað er með að forhönnun ljúki á öðrum ársfjórðungi 2023 og verkhönnun í lok árs 2023.

### 2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur

*Umfang:* Endurnýjun akbrauta og breikkun til að aðskilja akstursstefnur.

*Staða:* Framkvæmd er lokið.

### 2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata

*Umfang:* Frumhönnun lausna með tveimur akreinum í hvora átt, mislægum gatnamótum og stokki auk frumathugunar á jarðgöngum.

*Staða:* Vinna við frumdrög í gangi þar sem skoðaðar hafa verið mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Fjarðahrauns og Reykjanesbrautar og tvær mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu. Auk þess hafa jarðgöng undir Setbergshamarinn frá Lækjargötu að Álftanesvegi verið skoðuð til samanburðar með mismunandi útfærslum á veltengingum við Álftanesveg. Það er ljóst að endanlegt val á lausn mun hafa veruleg áhrif á kostnað verkefnisins. Unnið að umferðargreiningum og jarðvegsrannsóknnum.

### 2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

*Umfang:* Mislæg gatnamót.

*Staða:* Vinna við frumdrög og mat á umhverfisáhrifum í gangi. Samhliða útfærslu á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er unnið að greiningum á hentugri legu 3. lotu Borgarlínunnar frá Vogastöð í Mjódd og unnið að mati á umhverfisáhrifum. Gert er ráð fyrir að matsáætlun fari í formlegt ferli í byrjun næsta árs.

### 2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut

*Umfang:* Framlenging Arnarnesvegur að Breiðholtsbraut, breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Elliðaám, akstursbrú yfir Breiðholtsbraut, undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir Breiðholtsbraut og Arnarnesveg og hjólastígar meðfram Arnarnesvegi ásamt tengingum við núverandi stígakerfi og nýrri göngu- og hjólabrú yfir Elliðaár við Dimmu. Útfærsla á hönnun Arnarnesvegur tók mið af hljóðvist og öðrum umhverfiskröfum á deiliskipulagsstigi og var langt komin við stofnun Betri samgangna. Auk framkvæmda við Arnarnesveginn er nauðsynleg breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Vatnsendahvarfi sem eiga að tryggja flæði umferðar um Breiðholtsbraut fram hjá gatnamótum við Arnarnesveg. Í tengslum við verkefnið eru líka hjólastígar meðfram Arnarnesvegi og tenging við hjólastíga við Rjúpnaveg og Elliðaárdal ásamt hjólabrú yfir Arnarnesveg og Elliðaár við Dimmu og undirgöng undir Arnarnesveg og Breiðholtsbraut til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þetta eru meginástæður þess kostnaður verður talsvert meiri en Samgöngusáttmálinn gerði ráð fyrir, eins og fram kemur í töflunni.



*Staða:* Verkhönnun er lokið og deiliskipulag liggur fyrir. Búið er að óska eftir framkvæmdarleyfi hjá Reykjavíkurborg og Kópavogi. Útboð framkvæmdar fyrirhugað um miðjan janúar 2023.

### **2.1.6 Sæbrautarstokkur**

*Umfang:* Stokkur.

*Staða:* Vinna við forhönnun og mat á umhverfisáhrifum er hafin og gert er ráð fyrir að henni ljúki vorið 2023. Útfærsla stokks er á grunni frumdraga en unnið er að breyttri útfærslu á gatnamótum Skeiðarvogs – Kleppsmýravegs ofan á stokki. Til skoðunar er tilhögun umferðar á verktíma.

### **2.1.7 Miklubrautarstokkur**

*Umfang:* Stokkur frá Snorrabrauta og austur fyrir Kringlumýrarbraut.

*Staða:* Vinna við frumdrög hófst á þriðja ársfjórðungi og gert ráð fyrir að henni ljúki á öðrum ársfjórðungi 2023. Til samanburðar við stökk var ákveðið að láta líka vinna frumdrög fyrir jarðgöng sem næðu frá Snorrabraut austur fyrir Grensásveg. Ekki hefur verið tekin afstaða til þessara kosta en fyrirséðar umferðartafir á framkvæmdatíma sem og tæknilega flókin viðfangsefni við byggingu stokksins kalla á skoðun á kostum jarðaganga og kostnaðarsamanburði þessara tveggja mögulegu lausna.

### **2.1.8 Garðabæjarstokkur**

*Umfang:* Hafnarfjarðarvegur settur í stökk.

*Staða:* Vinna við undirbúning ekki hafin.

## 2.2 Borgarlínan

### 2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg

*Staða:* Lotunni hefur verið skipt í átta leggi frá Ártúnshöfða að Hamraborg (Ártúnshöfði, Elliðaárvogur, Suðurlandsbraut, Miðbær, HÍ og BSÍ, Vatnsmýri, Fossvogsbrú og Kársnes). Vinnu við síðustu hluta frumdraga lýkur um áramót og rýni sveitarfélaga, Strætó, veitufyrirtækja, Vegagerðarinnar og fyrirtækisins á lokaafurðum frumdraga er lokið fyrir sex af átta hlutum. Rýni á síðustu tveimur hlutum mun fara fram í byrjun árs 2023 á meðan forhönnun á fyrstu hlutum leiðarinnar hófst um miðjan maí. Eins og sést af þessu dæmi og í ljósi tímaramma verkefnisins munu hönnunar og framkvæmdaáfangar verkefnisins skarast og þannig hefst verkhönnun ákveðinna leggja áður en forhönnun allrar lotunnar lýkur. Að sama skapi munu verklegar framkvæmdir ákveðinna leggja hefjast áður en verkhönnun allrar lotunnar lýkur. Í því ljósi mun ekki verða hægt að leggja til samþykktar heildar kostnaðaráætlanir hvers hönnunaráfanga fyrir sig áður en næsta stig verkefnisins hefst eins og almennt er gert og æskilegt væri.

Í lok júní setti verkefnateymi Borgarlínunnar fram uppfærða tímalínu fyrir lotu 1 sem tekur mið af öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði lotu 1. Í áætluninni er sett í forgang að klára framkvæmdir frá Hamraborg í miðborg Reykjavíkur þar sem aðrar framkvæmdir hafa minnst áhrif á þann hluta leiðarinnar og með því má flýta fyrir öflugum almenningssamgöngum frá Hamraborg og létta á umferð um Kringlumýrar- og Miklubraut.

Þar sem niðurstaða í mörkun Samgöngusáttmálans hefur dregist er ljóst að undirbúningur lotunnar hefur dregist og því er fyrirséð að uppfæra þarf tímalínu framkvæmda þegar samþykkt mörkun liggur fyrir. Reynt verður að lágmarka áhrifin eins og kostur er. Fyrstu framkvæmdir lotunnar vegna fyllingar undir nýja Fossvogsbrú voru áætlaðar á seinni helmingi 2022, en þar sem ekki er hægt að bjóða verkið út fyrir en kostnaðarskipting og fjármögnun liggur fyrir tefjast útboð um sinn.

*Kostnaður:* Í kostnaðaráætlun sem lögð var fram sem hluti frumdraga lotu 1 var gert ráð fyrir að hluti þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru verði kostnaðar af viðkomandi sveitarfélögum. Endanleg skipting liggur ekki fyrir og hlutfall Samgöngusáttmálans af heildar kostnaði kann því að breytast. Bókaður kostnaður lotu 1 inniheldur stjórnunarkostnað verkefnisins sem og kostnað við undirbúning þess meðan verkefnið var í umsjón SSH.

### 2.2.2 Lota 2: Hamraborg – Lindir

*Staða:* Vinna er í gangi þar sem unnið er að greiningu á mögulegu leiðarvali með tilliti til plássparfar, ferðatíma vagna, áhrifa á aðra samgöngumáta og kostnaðar. Tillaga verkefnastofu Borgarlínunnar liggur fyrir og beðið er ákvörðunar Kópavogsbæjar um leiðarval sem þarf að útfæra í skipulagi bæjarins. Samhliða hefur verið unnin greining á tengingum lotu 4 við Hamraborg. Unnið

er að undirbúningi útboðs á frumdrögum lotu 2 og er áætlað að bjóða þá vinnu út í byrjun 2023. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili. Áætlunin verður uppfærð samhliða vinnu við frumdrög.

### **2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ**

*Staða:* Skilgreiningu á legu Borgarlínunnar á Reykjanesbraut í tengslum við undirbúning gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er lokið samhliða vinnu við skoðun gatnamótanna. Frumdrög eru á lokametrum fyrir tengingu Borgarlínu frá Stekkjarbakka og inn að Ártúnsbrekku/Vesturlandsvegi. Frekari vinna við tengingar við Vogastöð og Mjódd bíður frumdraga fyrir þá hluta lotunnar.

Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1. Þó er reiknað með að framkvæmdir í námunda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði framkvæmdar samhliða framkvæmdum við gatnamótin.

Aksturleið lotu 3 frá Mjódd í Efra Breiðholt er í skoðun í samræmi við samkomulag fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu Keldnaland og Keldnaholts og flýtingu tveggja Borgarlínuleiða frá 29. apríl.

### **2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut**

*Staða:* Unnin hefur verið skilgreiningu á mögulegu leiðarvali frá Kringlunni að Vífilstaðavegi. Stefnt er að útboði frumdraga 2023.

### **2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng**

*Staða:* Stefnt er því að hefja skilgreiningu og frumdragavinnu 2023. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

### **2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt**

*Staða:* Fyrirtækið og Reykjavíkurborg stefna á hugmyndasamkeppni fyrir uppbyggingu á Keldnalandi á fyrri hluta árs 2023. Frekari vinna við undirbúning frumdraga lotu 6 bíður niðurstöðu samkeppninnar.

## 2.3 Virkir ferðamátar

### 2.3.1 Undirgöng við Litluhlíð

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið.

### 2.3.2 Undirgögn við Bústaðaveg við Sprengisand

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið.

### 2.3.3 Arnarneshæð

*Framkvæmdin:* Undirgöng.  
*Staða:* Framkvæmd hófst í upphafi júní 2022 og eru áætluð verklok á fyrri hluta 2023.

### 2.3.4 Elliðaárdalur – Stífla að brú við Árbæjarlaug

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr hjólastígar í Elliðaárdal frá stíflu að brú við Árbæjarlaug.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið.

### 2.3.5 Elliðaárdalur – Brún við Árbæjarlaug að Grænugróf

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr hjólastígar í Elliðaárdal frá brúnni við Árbæjarlaug að Grænugróf.  
*Staða:* Framkvæmdir hófust í nóvember 2022 og standa yfir fram á vor 2023.

### 2.3.6 Fífuhvammsvegur

*Framkvæmdin:* Stofnstígar.  
*Staða:* Framkvæmdum lokið.

### 2.3.7 Strandgata

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Strandgötu.  
*Staða:* Framkvæmdir hófust sumarið 2022 og eru langt komnar.

### 2.3.8 Varmá – Leirvogstunga

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar um Ævintýragarð í Mosfellsbæ, frá Varmá að Leirvogstungu ásamt tveimur nýjum brúm.  
*Staða:* Framkvæmdum er lokið. Göngu- og hjólastígar voru formlega opnaðir í ágúst 2022.

### 2.3.9 Ánanaust, JL hús - Mýrargata

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Sameiginlegur göngu- og hjólastígar sem var fyrir verður breytt í hjólastíg og nýr göngustígar lagður.  
*Staða:* Framkvæmdir fóru fram haustið 2022. Lokafrágangur við umhverfi stíganna stendur yfir.

### 2.3.10 Skógarhlíð

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr göngu- og hjólastígar meðfram Skógarhlíð  
*Staða:* Verkhönnun er hafin og stefnt er að útboði í byrjun árs 2023.

### **2.3.11 Elliðaárdalur - Dimma**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Göngu og hjólastígur ásamt brú yfir Elliðaár  
*Staða* Hluti af verkundirbúningi við Arnarnesveg.

### **2.3.12 Stofnstígar með Arnarnesvegi**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum  
Arnarnesvegi  
*Staða* Hluti af verkundirbúningi við Arnarnesveg.

### **2.3.13 Ásbraut**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að  
Hamraborg.  
*Staða* Verkhönnun lokið og stefnt er að útboði í byrjun árs 2023.

### **2.3.14 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal**

*Framkvæmdin:* Stofnstígar. Aðskilnaður á göngu- og hjólastígum  
*Staða* Í verkhönnun. Stefnt að útboði í byrjun árs 2023.

## 2.4 Öryggi og flæði

Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósastýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningsgangna.

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósastýringar á tæplega 90 gatnamótum og göngupverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Fyrirtækinu er ætlað að fjárfesta í tækjabúnaði, úrbótum og tækniþróun fyrir umferðarljósastýringar.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH lagði í apríl 2021 fram aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli ítarlegrar úttektar erlendra sérfræðinga. Einnig hefur verið unnið að því að setja skýr markmið í rekstri og þróun ljósastýringa á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2021 var gerð úttekt á öllum umferðarljósum höfuðborgarsvæðisins með tilliti til ástands og aldurs. Fyrir liggur yfirlit yfir hvar helst er þörf á að endurnýja ljós eða annan tækniþúnað ásamt greiningu á því við hvaða ljós verða helst tafir á annatímum. Í kjölfarið hefur verið, og er áfram, unnið að ítarlegri ástandsgreiningu og uppfærslu stýringa á hverjum stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Stöðugt verður unnið að endurnýjun tækjabúnaðar til að nýta nýjustu tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Frá árinu 2019 hafa öll útboð á umferðarljósabúnaði verið kærð, óháð umfangi útboðanna, og því hefur gengið mun hægar en vonir stóðu til að endurnýja og bæta umferðarljósabúnað á svæðinu.

Á Reykjanesbraut og Sæbraut var á árinu 2022 farið í smærri framkvæmdir við gatnamót, lengingu beygjuvasa, til að bæta flæði og öryggi en önnur sambærileg verkefni hafa tafist m.a. vegna lengri undirbúningstíma en áætlað var og grenndarkynninga framkvæmda. Þá var farið í öryggisúrbætur á nokkrum göngupverunum til að bæta öryggi, m.a. með bættri lýsingu.

### 3. Fjármögnun

#### 3.1 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu ríkislands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati ríkisins af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínu sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við starfshóp Reykjavíkurborgar um skipulagningu svæðisins látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í apríl 2022 undirrituðu fyrirtækið og Reykjavíkurborg viljayfirlýsingu um frekara samstarf vegna þróunar svæðisins.

Fram undan er alþjóðleg tveggja þrepa samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið. Í framhaldinu verður unninn rammahluti Aðalskipulags Reykjavíkur, deiliskipulags- og uppbyggingaráætlanir á grunni verðlaunatillögu í samkeppninni. Svæðið í heild er alls um 115 hektarar og stefnt er að því að hægt verði að þróa deiliskipulag fyrir fyrstu uppbyggingarreitina á svæðinu haustið 2023.

#### 3.2 Flýti- og umferðargjöld

Vegakerfið á Íslandi hefur verið fjármagnað með bensín- og olíugjöldum. Hlutfall vistvænna ökutækja eykst hratt og segja spár að strax árið 2025 hafi tekjur af bensín- og olíugjöldum lækkað verulega. Endurskoðun stendur nú yfir á tekjustofnum ríkisins vegna ökutækja og eldsneytis vegna orkuskipta. Hluti þeirrar vinnu verður að breyta gjaldtöku með þeim hætti að í ríkari mæli verði treyst á gjöld af umferð í stað bensín- og olíugjalda.

Í Samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti innheimt svonefnd flýti- og umferðargjöld sem yrðu liður í breyttri gjaldtöku ríkisins. Áætlað er að það skili fyrirtækinu 60 milljörðum, á verðlagi 2019, á tímabilinu. Fyrirtækið hóf haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Efla hefur veitt ráðgjöf, en þau hafa komið að flýti- og umferðargjöldum í Noregi, auk sérfræðinga Sweco í Gautaborg sem unnu að innleiðingu gjaldtöku þar í borg. Þá hefur International Transport Forum hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) unnið með fyrirtækinu á árinu. Áfram er unnið að frekari greiningum á mögulegum áhrifum flýti- og umferðargjalda á samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Frumvarp til laga um flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu er tilgreint í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir löggjafarþing 2022-2023. Fram kemur að markmið frumvarpsins er að standa straum af stofnframkvæmdum samgöngumannvirkja, fjármögnun og afleiddum kostnaði slíkrar uppbyggingar. Gjöldunum er ætlað að tryggja nauðsynlega fjármögnun um leið og þeim er ætlað að stuðla að því að markmiðum Samgöngusáttmálans verði náð.

#### 3.3 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. másl. 1. mgr. 8. gr. heimildarlaganna er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. másl. er

lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila. Fossar markaðir hf. hafa verið fyrirtækinu til ráðgjafar varðandi fjármögnun þess. Tillaga um fjármögnun fyrirtækisins var lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti 14. júní 2021 og bárust svör við henni 10. mars 2022. Viðræður standa nú yfir við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Endurlána ríkissjóðs um lánasamning.



## **4. Fundir stýrihóps og stjórnar**

### **4.1 Stýrihópur**

Ekki hefur verið haldinn fundur í stýrihópnum síðan síðasta skýrsla var gefin út.

### **4.2 Stjórn**

Stjórn hefur alls haldið 53 fundi. Þeir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða föstudag í hverjum mánuði.





BETRI  
SAMGÖNGUR

Grandagarður 16  
101 Reykjavík

[betrisamgongur.is](http://betrisamgongur.is)